

Fylgiskjal með skattframtali árið 2024

Skila ber skýrslu fyrir hvert ökutæki. Sjá leiðbeiningar og skýringar á bakhlið.

Nafn	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag

A Bifreið og akstur

Tegund	Gerð og stærð	Fyrsti skráningardagur	Skráningarnúmer	Notkunartími Frá Til
--------	---------------	------------------------	-----------------	-------------------------

B Rekstrarkostnaður bifreiðar

1. Rekstrarkostnaður án fyrninga	kr. +
2. Endurgreiðsla launamanns	kr. -
3. Samtals kostnaður	kr. =
4. Fjármögnunarleigugreiðsla	kr. +
5. Samtals bókaður rekstrarkostnaður	kr. =
6. Leiðréttingar skv. ákvæðum 50. gr. skattalaga:	
6.1 Ófrádráttarbærar leigugreiðslur skv. 4. tl. 50. gr.:	
6.1.1 Fjármögnunarleigugreiðsla sbr. tl. 4	kr. +
6.1.2 Reiknuð 20% fyrning	kr. -
6.1.3 Reiknaðir 8,7% vextir í..... mán. (Jákvæður mismunur færast til lækkunar en neikvæður færast sem 0.)	kr. - kr. -
6.2 Ófrádráttarbær kostnaður vegna hlunninda skv. 5. tl. 50. gr.:	
6.2.1 Samtals rekstrarkostnaður skv. tl. 3	kr. +
6.2.2 Tekjufærð hlunnindi launamanns (Jákvæður mismunur færast til lækkunar en neikvæður færast sem 0.)	kr. - kr. -
7. Frádráttarbær rekstrarkostnaður	kr. +
8. Samtals bókaður rekstrarkostnaður skv. tl. 5	kr. -
9. Ófrádráttarbær rekstrarkostnaður Fjárhæð í tl. 9 færast til hækkunar á hreinum tekjum eða til lækkunar á tapi.	kr. =

C Upplýsingar ef bifreiðin er á fjármögnunarleigusamningi, sbr. tl. 6.1.:

1 Kaupverð bifreiðar Kr.	2 Fyrningar fyrri ára. Kr.	3 Reiknuð 20% fyrning 2023 af mismun (1-2) Kr.	4 Reiknaðir vextir 8,7% af mismun (1-2) í..... mán. á árinu 2023 Kr.	Skýringar: 1. Hér skal færa kaupverð bifreiðar sbr. reit 1 á eyðublaði RSK 4.09 með framtali 2023. Ef gerður hefur verið fjármögnunarleigusamningur á árinu 2023 kemur hér kaupverð skv. samningnum. 2. Hér skal færa heildarfjárhæð fyrninga frá fyrri árum. Þetta er samtala úr reitum 2 og 3 á eyðublaði RSK 4.09 með framtali 2023. 3. Hér skal færa 20% af mismun fjárhæða í reit 1 og reit 2. 4. Hér skal færa 8,7% af mismun fjárhæða í reit 1 og reit 2. Ef bifreiðin var keypt eða seld á árinu skal hlutfalla fjárhæðina miðað við mánaðafjölda.
--	--	--	--	---

D Upplýsingar varðandi hlunnindamat, sbr. tl. 6.2.:

Nöfn þeirra launamanna sem á árinu höfðu afnot af bifreiðinni. Heimilisfang, kennitala og fjöldi mánaða:	Hlunnindamat alls Kr. Kr.
Matsverð samkvæmt bifreiðaskrá þess árs er bifreiðin var tekin í notkun	
Hér skal gera grein fyrir því hvar bifreiðin er geymd utan vinnutíma, ef engin einkaafnot eru leyfð. Einnig skal gera hér grein fyrir því í hverju takmörkun notanda er fölgín ef umráðum hans eru einhver takmörk sett og hvernig hlunnindamat er ákvarðað.	

Leiðbeiningar og skýringar

Á eyðublaði þessu skal gera grein fyrir rekstrarkostnaði sérhverrar fólksbifreiðar þ.m.t. skutbifreiðar (station) og jeppa, sem telst vera atvinnurekstrartæki í hendi fyrirtækisins, hvort sem bifreiðin er í eigu þess og fyrna skal samkvæmt skattalögum eða er á fjármögnunarleigusamningi.

Þær bifreiðar sem hér er um að ræða eru:

1. Allar fólksbifreiðar í eigu lögaðila eða eru á fjármögnunarleigusamningi.
2. Allar fólksbifreiðar í eigu manna eða eru á fjármögnunarleigusamningi og látnar eru starfsmönnum atvinnurekstrarins í té til eigin afnota.

Úr 50. gr. laga nr. 90/2003

Til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. eða til frádráttar skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt er ekki heimilt að telja:

4. Þær greiðslur vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en níu menn, öðrum en leigubifreiðum, sem eru umfram fyrningar reiknaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga að viðbættum reiknuðum vöxtum af fyrningargrunni þegar frá hafa verið dregnar reiknaðar fyrningar fyrri ára. Ríkisskattstjóri setur reglur um reikning fyrninga og vaxta í þessum tilvikum.
5. Kostnað við rekstur fólksbifreiða, sem látnar eru starfsmönnum atvinnurekstrar í té til eigin afnota, nema að því marki sem hlunnindi af notkun viðkomandi fólksbifreiðar hafa verið talin til tekna, samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra, hjá þeim aðila sem heimilt er að hafa hana til umráða í eigin þágu.

Um fjármögnunarleigugreiðslur (4. tl. 50. gr.)

Reglur ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta birtust í auglýsingu frá ríkisskattstjóra dags. 11. desember 2023 og eru þær þannig:

„Auglýsing frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.“

Útreikningur frádráttarbærs hluta leigugreiðslna rekstrarárið 2023 vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn, þó að undanskildum leigubifreiðum, skal vera sem hér segir:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2023 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 8,7% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2023. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2023 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.“

Um bifreiðahlunnindi (5. tl. 50. gr.)

Bifreiðahlunnindi vegna bifreiðar, sem launþegi hafði til umráða frá vinnuveitanda sínum á árinu 2023, skal meta til tekna í samræmi við skattmat í staðgreiðslu á árinu 2023 og á fjárhæð bifreiðahlunninda að koma fram í reit 60 á launamiða.

Ef starfsmönnum atvinnurekstrar, er látin fólksbifreið í té til eigin afnota og þeim er heimilt að hafa fólksbifreiðina til umráða í eigin þágu, þá ber í samræmi við ofangreind lagaákvæði að takmarka gjaldfærðan heildarrekstrarkostnað bifreiðarinnar (án fyrninga) við tekjufærð hlunnindi þeirra.